

## Stjórnarfundur 2 þriðjudaginn 19. ágúst 2014 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Stefán Jóhannesson, Dagbjört Víglundsdóttir í síma. Brynja María Ólafsdóttir. Kristján Geir Guðmundsson mætti á Skype frá Denver en missti sambandið fljótlega.

Afboð og mættu ekki: Aðalsteinn Einar Eymundsson, Hreggviður Norðdahl og Árni Jón Eggertsson.

### Dagskrá

- Mótamál
- Bikarkeppni-fyrirkomulag
- Yngriflokkar - fundargerð
- Strandblak
- Verkefni landsliðanna
- Smáþjóðaleikar
- Önnur mál

## Fundargerð

### Mótamál

Farið yfir þátttökutilkynningar í deildakeppninni sem stækkar enn um nokkur lið frá því í fyrra. Í fyrsta sinn í langan tíma eru fleiri karlalið í úrvalsdeild karla en kvennalið. Sjö karlalið eru skráð til keppni og 6 kvennalið. Í neðri deildum er keppt í 5 deildum hjá konum en tveimur hjá körlum.

Farið yfir mótsstaði fyrir tímabilið og skjalið samþykkt sem kom frá mótanefnd. Blakdeild Fylkis heldur fyrsta viðburðinn sem er haustmót BLÍ. Blakdeild Þróttar R hefur gefið frá sér umsóknir um mótshald og fær Stjarnan mótið sem mótanefnd hafði úthlutað til Þróttar R í lok janúar.

### Bikarkeppni – fyrirkomulag

Rætt um fyrirkomulagið og niðurstaðan sú að halda fyrirkomulaginu óbreyttu. Þó verður hægt að fækka undankeppnum niður í eina verði jafn dræm þátttaka og á síðasta ári í bikarkeppni BLÍ.

### Yngriflokkar – fundargerð

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt.

### Strandblak

Nokkur umræða var um þennan málaflokk. Ljóst er að Karl Sigurðsson og Einar Sigurðsson hafa ákveðið að stíga til hliðar um sinn en þeir hafa staðið vaktina um mótshald í strandblaki í 10 ár. Vantar því nýtt fólk í strandblaknefnd sem sér um mótshald í strandblaki. Ljóst er að regluverki þarf að koma á koppinn sem strandblaknefnd þarf að vinna eftir. Ákveðið var að auglýsa eftir fulltrúum í strandblaksnefnd.

Landsliðsþjálfarar í strandblaki eru Karl Sigurðsson með karlana og Einar Sigurðsson með konurnar. Það er alfarið í höndum landsliðsþjálfara að velja sín lið. Þórey Haraldsdóttir verður fulltrúi strandblaks í landsliðsnefnd BLÍ.

### **Verkefni landsliðanna**

Unglingalandsliðin komin af stað og eru æfingar hjá þeim um helgina. Reiknað með að hóparnir verði skornir niður eftir þessa helgi en liðin fara öll erlendis í haust. Verk landsliðsnefndar er nú að manna ferðirnar með fararstjórum og sjúkrahjálfurum.

Rætt var um að tveir dómara færu með liðunum í mótin.

þarf að heyra í formanni LUX með boð á Novotel.

### **Smáþjóðaleikar**

Hvert er okkar hlutverk, hvað er á okkar ábyrgð? Transport? Transport dómara?

Hvert er hlutverk ÍSÍ?

Þessi mál verða tekin fyrir á fundum framkvæmdanefndar og ÍSÍ á næstu vikum.

### **Önnur mál**

Rætt var um samningaviðræður við styrktaraðila úrvalsdeildarinnar í blaki. Viðræðurnar eru í gangi um þessar mundir og munu líklega klárast á næstu dögum. Ákveðið að halda áfram með viðræður en samningur yrði til þriggja ára.

*Fundi slitið kl. 18:10*

*Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð*